



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Lóa Birna Birgisdóttir

---

### *Könnun á líðan starfsfólks í kjölfar Covid-19.*

Gallup vann könnun fyrir Reykjavíkurborg á líðan og upplifun starfsfólks af því ástandi í starfsumhverfinu sem skapaðist sökum Covid-19. Nýjar og breyttar aðstæður sköpuðust vegna farsóttarinnar sem gerði miklar kröfur á starfsfólk og stjórnendur. Til að geta dregið lærdóm af því hvað var vel gert og hvað hefði betur mátt fara var ákveðið að framkvæma þessa könnun. Starfsstöðum Reykjavíkurborgar var skipt upp í sex starfahópa svo hægt væri að gera samanburð á milli mismunandi starfa/ þjónustubætti. Að auki var fenginn samanburður við almenna vinnumarkaðinn og þann opinbera. Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 24. apríl-8. maí sl. Svarhlutfall í könnuninni var 32,2% og er því ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðunum en þær gefa góðar vísendingar um líðan starfsfólks á þessum tíma.

Niðurstöður könnunarinnar sýna meðal annars að starfsfólk Reykjavíkurborgar upplifir sig vera í góðu sambandi við samstarfsfólk sitt, því finnst það hafa fengið skýr skilaboð um hvernig vinnu þeirra skuli háttáð í þessu sérstaka ástandi og að það hafi fengið nægar upplýsingar um breytingar á vinnustaðnum í tengslum við Covid-19 ástandið. Starfsfólk telur að viðbrögð Reykjavíkurborgar við COVID-19 hafi verið við hæfi. Á heildina upplifði starfsfólk að vinnuálag hefði aukist lítillega en það var ólíkt eftir starfahópum hvort starfsfólk taldi að vinnuálag hefði aukist eða minnkað. Það upplifir að stjórnendur geri það sem þarf til að tryggja öryggi sitt og heilsu og að þeir séu hughreystandi og hvetjandi á erfiðum tímum. Niðurstöður er varða fjarvinnu sýna að reynsla starfsfólks sé aðeins misjöfn, en meirihluti lýsir þó jákvæðri reynslu. Fólki finnst almennt auðvelt að einbeita sér að vinnunni þegar að það vinnur fjarvinnu, aðstæður þess til að vinna heima eru að öllu jöfnu nokkuð góðar. Mikill meirihluti telur sig hafa þann

búnað sem þarf til að vinna fjarvinnu og fleiri telja afköst sín vera betri en verri í fjarvinnu í samanurði við vinnu á vinnustöðum. Ríflega helmingur telur afköst sín óbreytt í fjarvinnu miðað við á vinnustaðnum. Fjarvinna gerir fólki meðal annars kleift að ráðstafa tíma sínum þannig að hann nýtist sem best, bæði í starfstengdum verkefnum og einkalífi.

Það kemur fram í opnum svörum að stór hluti starfsfólks Reykjavíkurborgar hefur áhuga á að halda áfram að vinna störf sín í fjarvinnu. Svörin sýna að fólki líkar vel að hafa möguleika á fjarvinnu, er fært um að skila sínu, vill halda þessum möguleika opnum áfram og upplifir að í því felist traust.

Í ljósi matsins sem fjarvinna fær, þá er hér tækifæri í því að mæta óskum þeirra sem vilja halda því áfram og skapa fólki þannig aðstæður til að sinna störfum sínum með þeim hætti sem það helst kýs, skapa því meiri sveigjanleika og stjórn á tíma sínum og aðstæðum.

Niðurstöður þessara könnunar og fleiri kannana sýna að þessar aðstæður hafa skapað tækifæri fyrir vinnustaði og starfsfólk sem nýta má með uppbyggilegum hætti. Hægt er að vinna áfram með breyttu vinnulagi, en styðja þarf stjórnendur til að festa það í sessi og vinna með þau atriði sem helst valda erfiðleikum.

Lóa Birna Birgisdóttir  
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs